

# Reykjavíkurbíng 2022

## ályktun málefnanefndar menningar- íþróttá- og tómsundamála

### Aukið vægi menningar- og ferðamála

Sjálfstæðisflokkurinn leggur til að vægi menningar og ferðapjónustu verði aukið með því að breyta uppsetningu menningar- og ferðamála innan stjórnerkis borgarinnar þannig að menningar- íþróttá- og tómsundaráði verði formlega skipt í tvö ráð:

- *Menningar- og ferðamálaráð*
- *Íþróttá- og tómsundaráð*

### Mótuð verði framtíðarstefna til tíu ára

Þá verði framtíðarstefna til tíu ára mótuð í málaflokkunum með þau markmið að leiðarljósi að almenningi skuli tryggt auðvelt aðgengi að menningu, listsköpun, íþróttum, og tómsundum auk ferðamannastaða, og með sérstaka áherslu á aðgengi barna. Uppbygging fyrir börn og ungmenni verði sett í forgang þegar kemur að úthlutun fjármuna í íþróttastarf. Hvatt verði til samstarfs Reykjavíkurborgar við ráðuneyti menningar og ráðuneyti háskóla- og nýsköpunar og sömuleiðis samvinna við önnur sveitarfélög um frekari uppbyggingu á menningartengdri ferðapjónustu.

### Óháð, gagnsæ og fagleg ákvarðanatöku við styrkveitingar

Áhersla verði lögð á óháða, gagnsæja og faglega ákvarðanatöku styrkveitinga úr sjóðum borgarinnar í samráði við fagaðila, og verkefnasjóðir á sviði lista og menningar verði eflir. Stuðningur við einstaklinga og smærri fyrirtæki með samstarfssamningum njóti forgangs og lögð verði áhersla á ábyrga ráðstöfun opinbers fjármagns sem feli í sér eftirfylgni og innri endurskoðun óháðra aðila. Vænt alþjóðlegt samkeppnishæfi verkefna hvetji til framúrskarandi árangurs og nýsköpunar og verði lagt til grundvallar úthlutunar styrkja og samstarfssamninga. Mikilvægi varðveislu og kynningar menningararfs verði undirstrikað og vörður staðinn um rekstur menningar- og listastofnana. Sjálfstæðisflokkurinn telur að listamenn séu auðlind sem þurfi að hlúa að og efla.

### Áfangastaða- og markaðsstofa

Stefnt verði að stofnun Áfangastaða- og markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins með samstarfi sveitarfélaganna, atvinnulífsins og annarra hagaðila. Áhersla verði á þróun, kynningar- og markaðsstarf ásamt samlegð og samtali hagaðila í ferðapjónustu og tengdra aðila. Þannig verði stutt við þróun svæðisins í átt að sjálfbærri framtíðarsýn og aukinni samkeppnishæfni.